

stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 Amper 3 fasa ..... kr. 2 900.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Þurfi að breyta lofflinuheimtaug í jarðheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða  $\frac{1}{6}$  hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda, eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur, fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 300.00 í opnunargjald í skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvisitölu frá og með 1. marz 1973 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskortum stendur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald, skv. lögum nr. 4/1973. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1957, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 78 6. febrúar 1970, ásamt síðari breytingum.

*lðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

### 1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri, sem fyrir er eða fá

lengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskytt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindum skilyrðum um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

## 2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignarmatsverði. Grunnjald skal vera 20 000 krónur á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignarmatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 2 000 000 kr. matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignarmatsverðs, sem er fram yfir 2 000 000 króna, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 20 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunnjald kr. 20 000 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 740 stig. Grunnjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. nóvember ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi næsta almanaksárs.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 1100 þús. kr. Þó skal tekið tillit til þess, ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðalnýbýli, að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins nr. 86 15. apríl 1970.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. marz 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

**Jóhannes Guðfinnsson.**